

Ed. 708. Frumvarp til laga [392. mál]

um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986–87.)

1. gr.

16. gr. laganna orðast svo:

Fæðingarstyrkur skal vera 15 000 kr. á mánuði í fjóra mánuði við hverja fæðingu til móður sem lögheimili á hér á landi, sbr. þó 2. mgr. Frá 1. jan. 1989 skal fæðingarstyrkur greiddur í fimm mánuði og frá 1. jan. 1990 í sex mánuði. Hefja má greiðslu fæðingarstyrks allt að einum mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag sem staðfestur skal með læknisvottorði. Upphæð fæðingarstyrks skal hækka með sama hætti og aðrar bætur lífeyristrygginga.

Ákvæði greinar þessarar taka ekki til félagsmanna í samtökum opinberra starfsmanna, bankamanna eða annarra stéttarféлага, er njóta óskertra launa í fæðingarorlofi samkvæmt kjarasamningum, þann tíma er óskert laun eru greidd.

Fæðist barn andvana eða ef um er að ræða fósturlát eftir 20 vikna meðgöngu greiðist fæðingarstyrkur aðeins í tvo mánuði.

Greiðslur fæðingarstyrks falla niður frá þeim degi er foreldri lætur frá sér barn vegna ættleiðingar, uppeldis eða fósturs eða til varanlegrar dvalar á stofnunum. Þegar um er að ræða tilvik samkvæmt þessari málsgrein skal fæðingarstyrkur þó aldrei greiddur skemur en í tvo mánuði eftir fæðingu.

Framlengja skal greiðslu fæðingarstyrks um einn mánuð fyrir hvert barn umfram eitt ef fleiri fæðast í einu. Framlengja skal og greiðslu fæðingarstyrks um einn mánuð ef um er að ræða alvarlegan sjúkleika barns sem krefst nánari umönnunar foreldris. Slík þörf skal rökstudd með vottorði læknis og staðfest af tryggingaráði.

Fæðingarstyrkur skal og greiddur ættleiðandi foreldri, uppeldis- eða fósturforeldri vegna töku barns yngra en fimm ára í þrjá mánuði (fjóra frá 1. jan. 1989 og fimm frá 1. jan. 1990) frá því er fyrir liggur staðfesting barnaverndarnefndar eða sveitarfélags um fósturráðstöfun eða leyfi til ættleiðingar eftir því sem við á.

Sé barnshafandi konu nauðsynlegt af heilsufars- eða öryggisástæðum að leggja niður störf meira en mánuði fyrir áætlaðan fæðingartíma barns skal hún eiga rétt til fæðingarstyrks þann tíma, þó aldrei lengur en í 60 daga, enda verði ekki við komið breytingum á starfsháttum hennar eða tilfærslu í starfi. Tryggingayfirlæknir skal meta hvort þörf er fyrir hendi samkvæmt ákvæði þessu.

2. gr.

Ný grein kemur er verður 26. gr. laganna og orðast svo:

- a. Foreldrar í fæðingarorlofi, sem lögheimili eiga á Íslandi, eiga rétt á greiðslu fæðingardagpeninga samkvæmt grein þessari, enda leggi þeir niður launuð störf þann tíma. Þeir sem eiga rétt samkvæmt kjarasamningum til óskertra launa í fæðingarorlofi eiga þó ekki rétt til greiðslu fæðingardagpeninga samkvæmt ákvæði þessu.
- b. Fæðingardagpeningar skulu vera tvöfaldir sjúkradagpeningar einstaklings eins og þeir eru ákveðnir á hverjum tíma.
- c. Fæðingardagpeningar skulu greiddir í fjóra mánuði. Frá 1. jan. 1989 skulu þeir greiddir í fimm mánuði og frá 1. jan. 1990 í sex mánuði.
- d. Fjárhæð fæðingardagpeninga miðast við unnar dagvinnustundir á síðustu 12 mánuðum fyrir töku fæðingarorlofs. Fullra fæðingardagpeninga njóta þeir er hafa unnið í 1700 dagvinnustundir eða fleiri. Lágmarksfæðingardagpeningar ($\frac{1}{4}$) greiðast þegar dagvinnustundir eru 425. Annars greiðast fæðingardagpeningar í hlutfalli við dagvinnustundafjölda. Launuð vinna merkir í grein þessari öll vinna að tekjuöflun, jafnt atvinnurekanda sem launþega. Um mat á atvinnuþátttöku foreldris skal setja ákvæði í reglugerð.
- e. Heimilt er konu að hefja töku fæðingarorlofs allt að einum mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag sem staðfestur skal með læknisvottorði og miðast greiðsla fæðingardagpeninga við þann tíma. Beri fæðingu að fyrir áætlaða töku fæðingarorlofs miðast greiðslur fæðingardagpeninga við fæðingardag.
- f. Nú hefur móðir fengið fæðingardagpeninga í a.m.k. einn mánuð eftir fæðingu og á þá faðir rétt á greiðslu fæðingardagpeninga í stað móður ef hún óskar þess, enda leggi hann niður launaða vinnu á meðan. Foreldrar geta og skipt með sér fæðingarorlofi, t.d. verið bæði í orlofi á sama tíma að fullu eða hluta, þó þannig að greiðslur til þeirra sameiginlega nemi ekki meira en fjögurra mánaða fæðingardagpeningum (fimm eða sex, sbr. c-lið).
- g. Taki foreldrar samanlagt ekki allt það fæðingarorlof, sem þeir eiga rétt á, falla niður fæðingardagpeningagreiðslur fyrir þann tíma sem ekki er nýttur.

- h. Fæðingarorlof og greiðslur fæðingardagpeninga framlengjast um einn mánuð fyrir hvert barn umfram eitt ef fæðast fleiri í einu.
- i. Framlengja skal og greiðslu fæðingardagpeninga um einn mánuð ef um er að ræða alvarlegan sjúkleika barns sem krefst nánari umönnunar foreldris. Slík þörf skal rökstudd með læknisvottorði og staðfest af tryggingaráði. Hvort foreldri sem er getur, að ósk móður, dvalið hjá barni þann mánuð.
- j. Þegar sérstaklega stendur á vegna heilsufars barns er heimilt að fengnu vottorði læknis sem annast hefur barnið að foreldri taki hluta af fæðingarorlofi án þess að því sé gert skylt að ljúka því í einu lagi. Hvert tímabil má þó ekki vera skemmra en mánuður.
- k. Sé barnshafandi konu nauðsynlegt af heilsufars- eða öryggisástæðum að hætta störfum meira en mánuði fyrir áætlaðan fæðingartíma barns skal hún eiga rétt til greiðslu fæðingardagpeninga þann tíma, þó aldrei lengur en í 60 daga, enda verði ekki komið við breytingum á starfsháttum hennar eða tilfærslu í starfi. Tryggingayfirlæknir skal meta hvort lenging fæðingarorlofs er nauðsynleg samkvæmt þessu ákvæði.
- l. Greiðslur fæðingardagpeninga falla niður frá þeim degi er foreldri lætur frá sér barn vegna ættleiðingar, uppeldis eða fósturs eða til varanlegrar dvalar á stofnun. Þegar um er að ræða tilvik samkvæmt þessari málsgrein skulu fæðingardagpeningar þó aldrei greiddir skemur en tvo mánuði eftir fæðingu. Ef móðir fæðir andvana barn eða missir fóstur eftir 20 vikna meðgöngu skulu fæðingardagpeningar greiddir í tvo mánuði.
- m. Ættleiðandi foreldrar, uppeldis- eða fósturforeldrar eiga rétt til greiðslu fæðingardagpeninga í fæðingarorlofi vegna töku barns yngra en fimm ára.
- n. Fæðingardagpeningar greiðast úr lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins gegn framvísun vottorðs læknis og sönnunar um launagreiðslur og atvinnuþátttöku viðkomandi samkvæmt nánari reglum sem ráðherra setur í reglugerð.
- o. Útgjöld lífeyrstrygginga vegna fæðingardagpeninga skulu greidd af framlagi atvinnurekenda til lífeyrstrygginga.
- p. Enginn getur samtímis notið fæðingardagpeninga og sjúkradagpeninga.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1988. Jafnframt falla úr gildi frá sama tíma lög nr. 97/1980, um fæðingarorlof, breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum. Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 67/1971, um almannatryggingar, ásamt síðari breytingum, og gefa þau út svo breytt.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þeir foreldrar, sem kunna að vera í fæðingarorlofi við gildistöku laganna og fá greiðslur samkvæmt núgildandi ákvæði 16. gr. almannatryggingalaga, skulu fá greiddan fæðingarstyrk og eftir atvikum fæðingardagpeninga í samræmi við lög þessi frá gildistöku þeirra þannig að samfelldar greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins vegna fæðingar verði fjórir mánuðir. Þegar lenging fæðingarorlofs kemur til framkvæmdar skulu þeir foreldrar, er þá fá greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins, einnig njóta lengingarinnar.

A t h u g a s e m d i r v i ð l a g a f r u m v a r p þ e t t a .

I. Inngangur.

Með bréfi dags. 22. apríl 1986 skipaði heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, Ragnhildur Helgadóttir, nefnd til að „endurskoða núgildandi ákvæði um fæðingarorlof og fæðingarstyrk í lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum, með endurbætur á

fyrirkomulagi fyrir augum“. Í nefndina voru skipuð: Ingibjörg Rafnar hdl., formaður, Salome Porkelsdóttir alþingismaður, Jón Ásbergsson forstjóri, Jóhanna Sigurðardóttir alþingismaður og Steinunn Finnbogadóttir ljósmóðir.

Nefndin kom fyrst saman til fundar 9. júní 1986 og hélt alls 14 fastafundi.

Nefndin aflaði ýmissa gagna, m.a. frá Tryggingastofnun ríkisins um útgjöld hennar vegna laga nr. 97/1980, um fæðingarorlof, framkvæmd þeirra laga o.fl. Enn fremur aflaði nefndin upplýsinga um lagareglur um fæðingarorlof annars staðar á Norðurlöndum, í Bretlandi og Þýskalandi. Tekin var saman greinargerð um rétt í framangreindum löndum varðandi fæðingarorlof. Hefur og verið gert yfirlit yfir lagaákvæði og frumvörp um fæðingarstyrk og fæðingarorlof hér á landi fram á þetta ár.

Á fund nefndarinnar komu starfsmenn Tryggingastofnunar ríkisins, þau Hilmar Björgvinsson deildarstjóri og Birna Björnsdóttir fulltrúi, frá lífeyristryggingadeild, og Kristján Guðjónsson deildarstjóri, frá sjúkratryggingadeild.

Ljóst er að verulegt ósamræmi hefur verið í réttindum kvenna sem starfa hjá opinberum aðilum og þeirra sem starfa á hinum almenna vinnumarkaði að því er varðar rétt til fæðingarorlofs. Sérstaða opinberra starfsmanna og mismunun gagnvart öðrum launþegum hefur verið frá upphafi augljós og margoft borist í tal á Alþingi, m.a. 1960, 1975, 1980 og 1983. Nefna má og að kvennasamtök í landinu hafa látið þetta mál til sín taka, svo og konur innan ASÍ, sbr. 25. þing ASÍ árið 1956.

Æskilegt hlýtur að teljast að allir launþegar njóti sömu réttinda varðandi fæðingarorlof.

Með hliðsjón af framansögðu telja nefndarmenn að stefna beri að því að stofnaður verði sérstakur sjóður, fæðingarorlofssjóður.

Sjóðurinn yrði með svipuðu sniði og Atvinnuleysistryggingasjóður. Tryggingastofnun ríkisins annaðist sjóðsvörslu, reikningshald og daglega afgreiðslu í umboði sjóðsstjórnar.

Stjórn sjóðsins yrði t.d. skipuð fulltrúum tilnefndum af ASÍ, VSÍ, BSRB, BHM og fulltrúum kjörnum af Alþingi.

Sjóðurinn yrði fjármagnaður með iðgjöldum atvinnurekenda sem yrði ákveðið hlutfall greiddra launa svo og framlögum ríkisins.

Ljóst er hins vegar að slík breyting verður ekki gerð nema í samráði og samvinnu við aðila vinnumarkaðarins, bæði launþega og atvinnurekendur.

Rétt er þó að gera nokkrar breytingar á núverandi fyrirkomulagi.

II. Breytingartillögur.

Efnisleg niðurstaða nefndarinnar varðandi breytingar á almannatryggingalögum er þessi:

Nefndin gerir tillögur um tvær meginbreytingar á fyrirkomulagi fæðingarorlofs frá því sem nú er:

1. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að skilja alfarið á milli reglna er varða vinnurétt annars vegar og tryggingarétt hins vegar, þ.e. rétt foreldra til leyfis frá launuðum störfum vegna meðgöngu og fæðingar og vernd gegn uppsögn af þeim sökum og hins vegar rétt foreldra til greiðslna úr almannatryggingum í fæðingarorlofi. Óeðlilegt er að ákvæði, er varða atvinnuréttindi manna, séu í lögum um almannatryggingar.

Því er gerð tillaga um að sérstök lög verði sett um rétt til fæðingarorlofs og vernd atvinnuréttinda og að ákvæði um greiðslur í fæðingarorlofi verði í lögum um almannatryggingar.

2. Í öðru lagi leggur nefndin til að greinarmunur verði gerður á greiðslum til útivinnandi foreldra og heimavinnandi. Hugtakið fæðingarorlof merkir leyfi frá launuðum störfum vegna meðgöngu og fæðingar barns og greiðslur í fæðingarorlofi eru til að bæta tekjutap viðkomandi. Greiðslur til heimavinnandi foreldra vegna fæðingar eru í raun fæðingar-

styrkur þar sem ekki er verið að bæta tekjutap. Þess má geta að heimavinnandi foreldrar njóta hér á landi ríkari réttar til greiðslna í tilefni af fæðingu barns en víðast hvar annars staðar.

Gerð er tillaga um að fæðingarorlofi samkvæmt núverandi 16. gr. almannatryggingalaga verði skipt upp í:

- a. Fæðingarstyrk sem greiðist öllum fæðandi konum í fjóra mánuði (síðar fimm til sex mánuði).
- b. Fæðingardagpeninga sem greiðast aðeins þeim sem verða af launatekjum vegna barnsburðar og þá tekið mið af atvinnuþátttöku viðkomandi.

Varðandi upphæðir fæðingarstyrks og fæðingardagpeninga miðar nefndin við að fæðingarstyrkur verði verulega hærri en greiðslur fæðingarorlofs til heimavinnandi foreldra eru nú eða 15 þús. kr. á mánuði í stað 10 771 kr.

Tekjutap útivinnandi foreldra yrði bætt með fæðingarstyrk og fæðingardagpeningum þannig að upphæð styrks og dagpeninga sameiginlega nemi nokkurn veginn sömu fjárhæð og fæðingarorlof nú.

Nefndin gerir ráð fyrir að fæðingardagpeningar nemi tvöföldum sjúkradagpeningum eins og þeir eru á hverjum tíma, nú samtals 18 430 kr. Foreldri, er leggur niður fulla vinnu, fengi því 15 000 kr. + 18 430 kr. eða samtals kr. 33 430 kr. á mánuði í stað kr. 32 313 kr. Rétt er að benda á að ef sjúkradagpeningum verður breytt þannig að þeir taki mið af launatöxtum ákveðinna stéttarfélaganna, eins og tillögur hafa komið fram um, væri nauðsynlegt að endurskoða fæðingardagpeninga um leið.

Þær stéttir, sem njóta óskertra launa í fæðingarorlofi samkvæmt lögum, reglugerðum eða kjarasamningum, svo sem opinberir starfsmenn og bankamenn, fengju ekki framangreindar greiðslur.

Varðandi lengd fæðingarorlofs telur nefndin rétt að lengja það í áföngum á tveimur til þremur árum í allt að sex mánuði.

Kostnaðarauki vegna breytinga þeirra, er nefndin gerir tillögu um miðað við þriggja mánaða fæðingarorlof, er 20 031 831 kr. Hver viðbótarmánuður kostar um 119,5 milljónir króna og lenging í sex mánuði því um 378,5 milljónir kr. á ári. Miðað er við sama fjölda fæðinga og árið 1985 og sams konar atvinnuþátttöku kvenna. Að öðru leyti vísast til meðfylgjandi útreikninga.

Samkvæmt tillögu nefndarinnar er kveðið á um fæðingarstyrk í 16. gr. laga um almannatryggingar og telur nefndin að fæðingarstyrkur ætti alfarið að greiðast af ríkissjóði.

Ákvæðið um fæðingardagpeninga yrði í 26. gr. laga um almannatryggingar sem áður kvað á um fjölskyldubætur. Leggur nefndin til að iðgjöld atvinnurekenda standi undir fæðingardagpeningagreiðslum, enda yrði til þess notaður sá hluti iðgjalda þeirra til lífeyristrygginga sem nú fer til að greiða fæðingarorlof skv. 16. gr.

Miðað við að fæðingar séu um 4000 á ári og fæðingarstyrkur 15 000 kr. yrði kostnaður við greiðslu fæðingarstyrks 60 milljónir kr. á mánuði, samtals 180 milljónir kr. fyrir þrjá mánuði og 360 millj. kr. fyrir sex mánuði. Miðað við sama fjölda fæðinga og óbreytta atvinnuþátttöku kvenna frá 1985 yrðu útgjöld vegna greiðslu fæðingardagpeninga 59 946 960 kr., á mánuði, 179 840 880 kr. fyrir þrjá mánuði og 359 681 490 kr. fyrir sex mánuði.

Kostnaðarskipting ríkissjóðs og atvinnurekenda yrði því nánast jöfn. Það er sama skipting og gert var ráð fyrir er lög nr. 97/1980 voru sett, sbr. athugasemdir með frumvarpinu þá.

Heildarkostnaður miðað við breytt fyrirkomulag og lengingu.

	Kr.
Þriggja mánaða fæðingarorlof	359.130.024
Fjögurra mánaða fæðingarorlof	478.840.032
Fimm mánaða fæðingarorlof	598.550.040
Sex mánaða fæðingarorlof	718.260.048
(Hver mánuður kostar kr. 119.710.008)	

Heildarkostnaður fæðingarorlofs miðað við óbreytt lög en lengingu.

	Kr.
Þriggja mánaða fæðingarorlof	338.414.049
Fjögurra mánaða fæðingarorlof	451.218.732
Fimm mánaða fæðingarorlof	564.023.415
Sex mánaða fæðingarorlof	676.828.098
(Hver mánuður kostar kr. 112 804 683)	

Mismunur miðað við 6 mánaða fæðingarorlof kr. 41 431 950,-

Kostnaðarskipting ríkissjóðs og atvinnurekenda.

Fæðingarstyrkur — ríkissjóður

	Kr.	
15.000 × 3969	59.535.000	(á mánuði)
59.535.000 × 3	178.605.000	þrjú mánuðir
59.535.000 × 4	238.140.000	fjórir mánuðir
59.535.000 × 5	297.675.000	fimm mánuðir
59.535.000 × 6	357.210.000	sex mánuðir

Fæðingardagpeningar — atvinnurekendur

18.504.- × 3000	55.512.000	
9.252.- × 504	4.663.008	
	<hr/>	
	60.175.008	(á mánuði)
60.175.008 × 3	180.525.024	þrjú mánuðir
60.175.008 × 4	240.700.032	fjórir mánuðir
60.175.008 × 5	300.875.040	fimm mánuðir
60.175.008 × 6	361.050.048	sex mánuðir

Einstakar greiðslur.

	Nú	Skv. tillögu	Mismunur
Útivistinnandi í fullu starfi	32.313,00	33.504,00	1.191,00
Útivistinnandi í hlutastarfi 516—1032 st.	21.542,00	24.252,00	2.710,00
Heimavinnandi < 516 st.	10.771,00	15.000,00	4 229,00

IV. Stuttur samanburður á lögum um fæðingarorlof á Norðurlöndum og á Bretlandi.

	Lög	Meðganga	Eftir fæðingu	Frekari heimildir
Danmörk	Lov om barselorlov 1980	4 vikur fyrir fæðingu	14 vikur	10 vikur
	Lov om dagpenge ved sygdom og fødsel		Dagpen. 24 vikur 90% af tekjum að hámarki (um 2000 á viku 1985)	
Finnland	Lag om arbeidsavtal, 34. gr.	25 virkir dagar	75 virkir dagar	158 virkir dagar
	Sjukförsäkringslagen, II. kafli		Dagpen. 258 virkir dagar 80% af tekjum að ákveðnu marki (50%-30%) + greiðslur á barn	Þar til barn verður þriggja ára má auk þess fá fri í a.m.k. 2 mánuði
Ísland	Lög um almannatryggingar 16. gr. l. 67/1971		3 mánuðir	1 viðbótarmánuður vegna veikinda móður eða barns
			Ákveðin upphæð á mánuði fer eftir vinnustundafjölda	
Noregur	Lov om arbeidervern og arbeidsmiljø 1977	Allt að 12 vikur	Minnst 6 vikur	1 ár Foreldrum heimilt að vera í ólaunuðu leyfi þar til barnið verður 1 árs
	Folketrygdloven III. kafli, Sykelovens-ordningen		18 vikur Dagpeningar 100% af launum að ákveðnu marki	Heimilt er að stytta vinnudag um allt að 1 klst. á dag (ólaunað)
Svíþjóð	Lag om rätt til ledighet för vård av barn m.m. 1978	A.m.k. 6 vikur	A.m.k. 6 vikur	Foreldri á rétt á leyfi þar til barn er 1½ árs og styttri vinnutíma þar til barn er 8 ára (ólaunað)
	Lag om allmän försäkring		180 dagar 90% af launum	180 dagar sérst. for. gr. áður en barn verður 4 ára 90 d=90% laun, 90 d=lágmarks-sjúkradagpen. 48 Skr. '85
Bretland	National insurance act (Maternity allowance)	Allt að 11 vikur	A.m.k. 7 vikur	
			18 vikur ákveðin upphæð á viku+greiðsla á barn	
	Employment protection legislation		6 vikur 90% af launum frá atv.rek., sem á endurkröfu á Maternity allowance frá alm. tryggingum	

Veikindi barna	Viðbótarréttur föður	Ættleiðing	Skilyrði f. greiðslum	Heimavinnandi
	2 vikur	Sömu reglur ef yfirvöld skylda ættl. for. til að vera heima og annast barnið	Kona verður að hafa lágmarkstekjur sem gefa rétt til a.m.k. 10% af hæstu dagp. og hafa unnið fyrir þeim síðustu 4 vikurnar fyrir fæðingarorlofið eða a.m.k. 6 mánuði af 12 fyrir orlofið	Dagg. 4 vikur eftir fæðingu ef mæður hafa tekið frjálsa tryggingu
	6-12 virkir dagar (dragast frá öðru)	Ef barn er yngra en 2ja ára þá samtals 234 virkir dagar þar af faðir í 100 daga	Foreldri verður að hafa unnið fyrir tekjum síðustu 3 mánuði fyrir fæðingu	Sjúkralágmarksdagpeningar (38 fm frá 1/2 '85)
Ákvæði í kjarasamningum		Ef barn er yngra en 5 ára – þá 2 mán.		1/3 fullra fæð. orlofsgreiðslna kr. 10.771.- frá 1/1'87
Launþegar með barn undir 10 ára eiga rétt á leyfi í samt. 10 daga (einst. for. 20 d) á ári v. veikinda barns	2 vikur	Ef barn er á 1. aldursári þá 46 vikur – aðeins 12 v. á launum Ef barn er 1-15 ára, þá 3 mán. frá því barnið kemur á heim. – aðeins 12 v. launaðar	Kona verður að hafa verið launþegi samtals í 6 af 10 mán. fyrir fæðingu	Ein greiðsla 3654 Nkr. 1/4 '85
60 dagar á ári á barn sem er yngra en 12 ára á dagpeningum 12 ára á dagpeningum	(10 dagar dragast frá 60 d. v/veikinda barns)	Ef barn er yngra en 10 ára þá sama rétt og hér að framan, frá því að barn kemur í vörslu for.	Foreldragr. = Foreldrar hafi skráð sig hjá „försäkringskassa“ a.m.k. 180 d samfleytt fyrir fæðingu og greitt iðgjöld Sérstakar for.gr. = Foreldrar hafi skráð sig hjá „försäkringskassa“ a.m.k. 180 daga fyrir greiðslu og greitt iðgjöld	Lágmarkssjúkradagp. 48 Skr. á dag í mars 1985
			Kona verður að hafa greitt ákv. lágmarksiðgjöld síðustu 12 mánuði f. fæðingarorlof	Fæðingarstyrkur til allra-Maternity grant – ein greiðsla 25£ '82/'83
			Konan verður að hafa unnið samfleytt í 2 ár til 11 v. fyrir fæðingu	

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í fyrstu málsgrein er gert ráð fyrir að fæðingarstyrkur verði tekinn upp að nýju, en tilgangur hans er annar en áður var er honum var ætlað að standa straum af kostnaði við fæðingu barns. Nú er honum ætlað að koma í stað þeirrar greiðslu er heimavinnandi konur, sem og þær sem vinna úti færri en 516 stundir á ári, fá nú skv. 16. gr. almannatryggingalaga. Honum er og ætlað að bæta að hluta tekjutap útivinnandi kvenna, sbr. 2. gr. f. Fjárhæð fæðingarstyrks, 15 000 kr., miðast við verðlag í janúar 1987 og skal taka hækkunum til samræmis við aðrar bætur lífeyristrygginga.

Önnur málsgrein. Þær stéttir, sem fá greidd óskert laun í fæðingarorlofi, eiga ekki rétt á fæðingarstyrk samkvæmt ákvæði þessu m.a. vegna þess að honum er að hluta ætlað að bæta tekjumissi. Orðalag málsgreinarinnar tekur mið af 3. gr. laga nr. 64/1981, um atvinnuleysis-tryggingar.

Þriðja málsgrein tekur mið af upphaflegu ákvæði 12. mgr. 16. gr. almannatryggingalaga og nýútgefinni reglugerð. Athygli er vakin á að gert er ráð fyrir greiðslu í tvo mánuði, en var í upphafi í einn mánuð, en með reglugerð nr. 100/1985 var greiðsluskylda lengd í þrjá mánuði. Ekki er talin ástæða til að greiða lengur en í tvo mánuði í þessum tilvikum þar sem „tilgangur með fæðingarorlofi er sá að kona fái tækifæri til að ná sér eftir þá áreynslu sem barnsburður óneitanlega er, en þó er álitinn mikilvægari sá uppeldisþáttur að foreldri geti annast barn sitt á fyrsta æviskeiði þess“, sbr. athugasemdir með frumvarpinu 1980.

Fjórdá málsgrein er samhljóða 12. mgr. 16. gr. laga nr. 67/1971, nema hér er gert ráð fyrir greiðslum í tvo mánuði eftir fæðingu til samræmis við 3. mgr.

Fimmta málsgrein tekur mið af 10. mgr. 16. gr. laga nr. 67/1971, sbr. breytingu með lögum nr. 98/1984.

Sjötta málsgrein tekur mið af 13. mgr. 16. gr. laga nr. 67/1971.

Um 2. gr.

Stafliður a. Hér er kveðið á um greiðslu fæðingardagpeninga til þeirra foreldra er verða fyrir tekjutapi í fæðingarorlofi. Það tekur því ekki til þeirra stétta er njóta óskertra launa í fæðingarorlofi. Þá er og gert að skilyrði að foreldri leggi niður störf þann tíma er fæðingardagpeningar eru greiddir.

Stafliður b. Fjárhæð fæðingardagpeninga nemur tvöföldum sjúkradagpeningum eins og þeir eru á hverjum tíma. Þannig ná fæðingardagpeningar og fæðingarstyrkur samanlagt þeirri viðmiðun er lögum um fæðingarorlof gerðu 1980 og gott betur.

Stafliður c. Fæðingardagpeningar greiðast í jafnlangan tíma og fæðingarstyrkur og greiðslutími lengist í sex mánuði í áföngum.

Stafliður d byggir á nógildandi skilyrðum réttar til atvinnuleysisbóta samkvæmt lögum nr. 64/1981.

Stafliður e tekur mið af 2. mgr. 16. gr. almannatryggingalaga nr. 67/1971.

Stafliður f. Hér er gert ráð fyrir að fyrsta mánuð fæðingarorlofs geti móðirin ein nýtt sér í stað tveggja áður. Þó gæti faðir verið samtímis móður í fæðingarorlofi þennan mánuð sem aðra, en heildarréttur þeirra yrði fjórir mánuðir (fimm til sex). Rétt þykir að foreldrar ráði sjálfir hvernig þessu er háttað þó að fyrsti mánuðurinn sé ætlaður fyrir móðurina til að ná fullri líkamlegri heilsu eftir fæðingu.

Stafliður g er samhljóða 5. mgr. 16. gr. almannatryggingalaga. Hefji foreldri störf að nýju falla greiðslur fæðingardagpeninga niður, sbr. staflið a.

Stafliður h tekur mið af 10. mgr. 16. gr. almannatryggingalaga, sbr. lög nr. 98/1984.

Stafliður i tekur mið af 10. mgr. 16. gr. almannatryggingalaga, sbr. lög nr. 98/1984.

Stafliður j er samhljóða 3. mgr. 6. gr. reglugerðar um fæðingarorlof nr. 261/1983, sbr. breytingu nr. 407/1986.

Stafliður k tekur mið af 11. mgr. 16. gr. almannatryggingalaga, nema hér er gert ráð fyrir að greiða megi fæðingardagpeninga í allt að 60 daga áður en hið eiginlega fæðingarorlof hefst í stað 30 daga áður. Ljóst er að í ýmsum tilvikum þurfa barnshafandi konur að láta af störfum snemma á meðgöngutíma vegna fylgikvilla meðgöngu eða vegna sjúkdóma er beinlínis tengjast meðgöngunni. Umdeilt er hvort um er að ræða venjuleg veikindaföröll í þeim tilvikum. Rétt er að kveða upp úr um þetta atriði í lögum og er gerð tillaga um lengingu eins og áður segir. Rétt væri að kveða á í reglugerð um hvaða tilvik kunna að falla hér undir.

Sett er það skilyrði fyrir greiðslum að ekki verði við komið breytingum á starfsháttum konunnar eða unnt að færa hana til í starfi, sbr. rétt hennar til þess skv. 6. gr. frumvarps um fæðingarorlof.

Stafliður l er samhljóða 12. mgr. 16. gr. almannatryggingalaga. Sjá þó aths. við 3. mgr. 1. gr. þessa frumvarps.

Stafliður m tekur mið af 13. mgr. 16. gr. almannatryggingalaga sem gerir ráð fyrir að fæðingarorlof viðkomandi sé einum mánuði styttra en kynforeldris. Sjá og 5. gr. meðfylgjandi frumvarps um fæðingarorlof.

Stafliður n. Sama fyrirkomulag og er skv. 8. mgr. 16. gr. almannatryggingalaga. Fæðingarstyrkur og fæðingardagpeningar greiðast þannig út af sama aðila, þ.e. lífeyristryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins.

Stafliður o. Útgjöld lífeyristrygginga vegna fæðingardagpeninga skulu greiðast af framlagi atvinnurekenda til þeirra samkvæmt lögum nr. 103/1980. Ekki er gert ráð fyrir sérstakri eða frekari skattlagningu til að mæta þessum útgjöldum að svo stöddu. Við tilkomu frekari lengingar þarf hins vegar að skoða iðgjaldagreiðslur atvinnurekenda til lífeyristrygginga. Fæðingarstyrkur skv. 16. gr. (1. gr. frumvarps þessa) greiðist alfarið af ríkissjóði. Samkvæmt tillögum þessum er kostnaðarskipting ríkissjóðs og atvinnurekenda nánast til helminga eða söm og samkvæmt lögum nr. 97/1980, um fæðingarorlof.

Stafliður p. Greiðsla fæðingardagpeninga og sjúkradagpeninga getur ekki farið saman.

Um 3. gr.

Parfnast ekki skýringa að öðru leyti en því að ástæða þykir til að fella meginmál laganna inn í gildandi lög frá 1971, með síðari breytingum, en á þeim næstum 16 árum frá því að þau voru sett hefur slíkt ekki verið gert, en breytingar á lögnum á þessum tíma nálgast fimmta tuginn.